

Stjórnarfundur þriðjudaginn 16. nóvember 2021 kl. 12.00-13.15

Haldinn rafrænt.

Mætt: Bergrún Stefánsdóttir Formaður og framkvæmdarstjóri (BS), Kara Arngrímsdóttir Gjaldkeri (KA), Ragnar Sverrisson stjórnarmaður (RS), Atli Már Sigurðsson varamaður (AMS) og Ólafur Már Hreinsson Varaformaður (ÓMH). Boðuð forföll: Jóhann Gunnar Arnarson varamaður (JGA) og Magnús Ingólfsson Ritari (MI)

Fundargerð rituð: Ragnar Sverrisson

1. Landsliðsmál – Samþykktur var aukastyrkur kr. 100.000 á hvert landsliðspar fyrir æfingabúðum. Samtals hafa landsliðspörin því fengið kr. 200.000 í styrk fyrir æfingabúðum á haustönn. Seinni styrkurinn gildir frá og með 16. nóvember til og með 31. desember 2021. Búið er að auglýsa starf afreksstjóra. Engar umsóknir hafa borist. BS ætlar að athuga frekari möguleika á kynningu. Stefnt er að æfingabúðum sunnudaginn 28. nóvember. Dagskrá í vinnslu og verður kynnt síðar sem og staðsetning. Fyrirlestrar verði sendir út á netinu. Stjórn hefur skipað Aðalstein Kjartansson sem formann landsliðsnefndar. BS verður í sambandi við hann og kemur honum í tengsl við landsliðsnefnd.
2. Afrekssjóður – DSÍ þarf að skila inn umsókn fyrir lok nóvember. BS sér um en RS mun kynna sér og vinna með BS.
3. Dansíþróttapar ársins 2021 – Nýjar reglur hafa verið samþykktar og munu verða senda út til aðildarfélaga DSÍ. Aðildarfélög tilnefna 1 danspar hvert. Stjórn DSÍ velur amk 2 danspör af þeim þörum og sendir út til aðildarfélaga sem kys annað parið. Stjórn DSÍ kys einnig. Vægi aðildarfélaga er 60% og stjórnar DSÍ 40%.
4. Formannafundur ÍSÍ - BS mætir fyrir hönd DSÍ.
5. HM/EM – BS fór yfir hverjir hafa farið fyrir hönd Íslands á þessu ári og hverjir eru á leiðinni á HM og EM. BS sagði dagskráin væri rosalega þétt og að boðin væru að koma seint þó sent væri eftir þeim.
6. RIG – RIG verður haldið 5. Febrúar 2022 í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Stefnt er að liðakeppni milli lands og hugmyndin 1 latin par og 1 ballroom par úr fullorðnum frá hverju landi. Nokkrar greinar fá styrki til þess að bjóða erlendum keppendum þar á meðal dans.

7. Önnur mál

- a) Lotto/Nordic – AMS hafði orð á því að fjölga þyrfti sjálfboðaliðum til þess að aðstoða við keppnir. Honum finnst vinnan lenda á örfáum.
- b) DSÍ hefur óskað eftir styrk til þess að kaupa færanlegt dansgólf ofl. Gott væri ef DSÍ ætti stóla og borð.
- c) RS mun senda á aðildarfélögin vegna álitamála varðandi sporareglur og túlkun á sporareglum.
- d) BS hvetur stjórnarmenn og aðildarfélög til þess að kynna sér starf samskiptaráðgjafa hjá ÍSÍ.
- e) RIG verður í Strandgötu í Hfn, vantar hús fyrir febrúarmót, marsmót í Strandgötu og maímót á Álftanesi.

Næsti fundur þriðjudaginn 7. des kl 12.00 rafrænt

Þannig fram farið.
Ragnar Sverrisson